



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2019

**TRÉS1HV08**  
Trésmíði og handavinna  
Kennsluáætlun

<b>Kennari:</b> Óskar G. Jónsson	<b>Sk.st.</b>	<b>ÓGJ</b>
----------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Áfanginn er byrjunaráfangi í tréiðnum þar sem fræðilegur grunnur í tréiðnum er kynntur fyrir nemendum. Fjallað er um umgengi við efni, vélar, verkfæri og vinnustaðinn með áherslu á verkstæðishluta iðngreinarinnar. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér faglega nálgun á þeim verkefnum sem unnin eru samhliða áfanganum. Kenndar eru samsetningar, lausnir og hugtök sem leggja grunninn að góðum vinnubrögðum við almenna trésmíði. Einnig vinna nemendur verkefni tengd áfanganum með það fyrir augum að auka áhuga nemenda og kynna þeim mikilvægi þekkingar og fagmennsku í iðngreininni.

**Hafa ber í huga að TRÉS1HV08 – TRÉS1VÁ05 og TRÉS1VT08 eru áfangar á fyrstu og annari önn með líkar áherslur og tengingar í tréiðnaðinn og geta því skarast.**

### Undanfari:

### Þekkingarviðmið:

### Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi
- Algengasta smíðavið og smíðafestingum
- Helstu eðliseiginleikum viðar og þurrkun timburs
- Flokkun og merkingu timburs eftir styrk og útliti
- Smíðafestingum sem notaðar eru í trésmíði
- Áhöldum til mælinga og uppmerkinga
- Einstökum samsetningum og notkunarviði þeirra
- Þvingum og vinnuaðferðum við samsetningar í trésmíði
- Algengustu gerðum og notkunarviðum viðarlíms
- Nöglum, skrúfum og notkun þeirra í trésmíði
- Umgengi og notkun helstu handverkfæra
- Umgengni og notkun rafmagnshandverkfæra
- Mismunandi gerðum hverfisteina, smergela og brýna
- Öryggisreglum einstakra hand- og rafmagnshandverkfæra
- Helstu loft handverkfærum sem notuð eru í trésmíði
- Öryggisreglum og öryggisbúnaði við notkun loft handverkfæra

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota áhöld til mæalinga og uppmerkinga
- Nota mismunandi tegundir verkfæra
- Nota algengustu hand- og rafmagnsverkfæri
- Leggja á og brýna algengustu handverkfæri
- Nota helstu trésmíðingar við einfalda trésmíði
- Lesa merkingar og flokka efni með tilliti til útlits og styrks

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi
- Velja smíðavið fyrir einstök verkefni og rökstyðja svarið
- Flokka timbur með hliðsjón af leiðbeiningum
- Beita vinnuskipulagi í trésmíði og fylgja aðgerðarlita við vinnu
- Ganga úr skugga um gæði smíðishluta fyrir samsetningu
- Nota þvingur markvisst til að fá smíðihluta réttan í límingu
- Mæla og taka úr fyrir smíðisfestingum og setja endanlega upp
- Velja rétt loft handverkfæri með hliðsjón af verkefni

### **Námsefni:**

Fyrirlestrar, innlögð frá kennara, glærur, internetið, heimsóknir í fyrirtæki, sýnikennsla og verkleg kennsla.

Nemendur þurfa sjálfir að koma sér upp handverkfærum er nýtast áfram í skólanum og verður nánar farið yfir það síðar.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf og verkefni
34 - 35	19 – 30. Ágúst	Upphaf, kynning, bókastoð	
36 - 37	2 – 13. Sept.	Heflun – geirnegling - bókastoð	Mat
38 – 39	16 – 27. Sept.	Heflun – sögun – próf	Próf
40 – 41	1 – 11. Okt.	Verkefni í samvinnu við	
42 – 43	14 – 25. Okt.	Nemendur – t.d. trappa	
44 – 45	28 – 8. Nóv.	„	
46 – 47	11 – 22. Nóv.	„	
48 – 49	25 – 6. Des.	„	
50	9 – 13. Des.	„	Mat

### Sérreglur áfangans:

Vinnufatnaður nemenda á húsasmíðabratu. Náðst hefur samningur milli FSu., Byko, Hilti og fataframeiðandans Snickers varðandi öryggisfatnað og persónuhlífar til handa nemendum á brautinni. Nemendum og forráðamönnum verður gerð nánari grein fyrir samningnum síðar.

### Fyrirkomulag námsmats:

Dæmi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ástundun	Raunmæting í kennslustund samkv. Skráningu í Innu	10 %
<b>Ástundun</b>	D – samningar yfirfarnir	
<b>Samvinna</b>	Gott – í lagi – viðunandi – þarf að bæta	10 %
<b>Heflun</b>		10 %
<b>Geirnegling</b>		15 %
<b>próf</b>		15 %
<b>Verklag, sjálfstæði, fagmennska</b>	Gott – í lagi – viðunandi – þarf að bæta	15 %
	Verkefni t.d. trappa	25 %

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**